



# FLÓRGOÐINN

samvinna

ábyrgð

tillitssemi

traust



## Spennandi tímar í Áslandsskóla

Þá er fimmtánda starfsár Áslandsskóla komið í fastar skorður.

Við upphaf skólaársins stunda um 520 nemendur nám í Áslandsskóla og þar starfa rétt um 70 starfsmenn.

Starfsmannavelta Áslandsskóla er ekki mikil og við svo heppin að þegar sæti losnar í okkar liði eru margir áhugasamir að ganga til liðs við okkur.

Nokkur hópur nemenda stígur nú sín fyrstu skref í Áslandsskóla, bæði sem nýnemar í fyrsta bekk og einhver hópur í öðrum bekkjardeildum. Allan þennan flotta hóp bjóðum við hjartanlega velkominn í skólasamfélagið okkar hér í Áslandi.

Það hlýtur að vera tilhlökkunarefni að ganga í jafn glæsilegan skóla sem Áslandsskóli sannarlega er. Því er mikilvægt að innra starf hans sé líka glæsilegt

Frá afhendingu fyrstu íþad spjaldtölvanna til nemenda í Áslandsskóla.

Nemendur í 5. bekk ásamt starfsfólki og fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar.

og að allir leggi metnað sinn í að svo verði.

Nemendur í 1. bekk eru myndarlegur hópur í skólanum okkar og því ljóst að öll þurfum við að sýna hjálpsemi og samkennd svo aðlögun þeirra að daglegu skólalífi verði með jákvæðum hætti.

Það þurfa allir að hjálpast að við að búa til góðan skóla þar sem vellíðan nemenda, vönduð vinnubrögð og góður námsárangur eru í forgrunni. Samstarf heimila og skóla verður að vera traust og með jákvæðum hætti og mikilvægt er að foreldrar séu virkir þátttakendur og vel upplýstir um starfsemi skólans.

Þá er einnig lykilatriði að nemendur temji sér náms- og vinnuaga og að faglegur metnaður ríki meðal starfsmanna skólans.

Í Áslandsskóla nýtum við okkur SMT skólafærni. Forráðamenn og nemendur sjá skýr fyrirsmæli á veggjum skólans fyrir ákveðin svæði. Þá geta nemendur fengið “fugla” fyrir að sýna jákvæða hegðun í skólastarfinu.

Fuglunum er síðan safnað saman í umsjónarbekk nemandans eftir að hann hefur farið með “fuglinn” heim ef hann vill og sýnt forráðamönnum.

Nánar var farið yfir SMT skólafærni í tengslum við skólakynningar í ákveðnum árgöngum.

Áslandsskóli er stoltur af SMT starfi sínu en skólinn hefur fengið viðurkenningu fræðsluráðs Hafnarfjarðar fyrir árangursríka innleiðingu SMT skólafærni. Þá varð Áslandsskóli, fyrstur allra, sjálfstæður SMT skóli. Auk þess fáum við árlega mikið af fag- og áhugafólki, bæði hérlendis og erlendis frá, í heimsókn til okkar þar sem við kynnum SMT starfið okkar.

## “mikilvægt að samvinna skóla og heimila sé til fyrirmyndar”

- LEIFUR S. GARÐARSSON

Grunnskóli er ávallt að þróa sitt starf og því starfi lýkur aldrei. Eitt af því sem við erum að þróa á þessu skólaári er innleiðing spjaldtölva í skólastarfi. Nemendur í 5.-10. bekk fá allir Ipad til notkunar og stendur afhending yfir þessa dagana. Spjaldtölvann er að sjálfsögðu fyrst og síðast vinnutæki sem auka á möguleika nemenda við nám. Vil ég þakka foreldrum fyrir margar góðar ábendingar og góða fundarsókn þegar við fórum yfir fyrstu stig innleiðingarinnar. Hér sem endranær er gífurlega mikilvægt að samvinna skóla og heimila sé til fyrirmyndar. Nánar verður fjallað um innleiðinguna í næsta Flórigoða.

Um leið og ég óska starfsfólki, nemendum og forráðamönnum velfarnaðar á því skólaári sem nú er farið af stað vil ég minna okkur öll á að allir eiga rétt á því að vera þeir sjálfir.

Við þurfum að hugsa vel um hvort annað, bera virðingu hvort fyrir öðru og hjálpast að við að gera góðan skóla enn betri.

Með óskum um gæfuríkt skólaár

**Leifur S. Garðarsson, Skólastjóri Áslandsskóla**



Haraldur Línal Haraldsson, bæjarstjóri, með nemendum í 5. bekk Áslandsskóla.

## Spjaldtölvuvæðing í Áslandsskóla

Frá því um síðustu áramót hefur markvisst verið unnið að undirbúningi spjaldtölvuvæðingar í Áslandsskóla. Fimmtudaginn 17.09. voru fyrstu tækin afhent þegar nemendur í 5.bekk skólans fengu sín tæki afhent. Krakkarnir voru spenntir fyrir því að fá tækin í hendurnar og ekki síður kennararnir sem hafa verið að undirbúa kennsluna allt frá áramótum.

*„Með þessu er verið að stíga mikilvæg skref í að auka fjölbreytni og efla framþróun í hafnfirsku skólastarfi. Hraðar tæknibreytingar bjóða upp á óendanlega möguleika í kennsluháttum og námi og er spjaldtölvuvæðing liður í að nútímavæða skóla bæjarins og fjárfesta í framtíð hafnfirskra skólabarna. Við vitum að reynsla annarra skóla af því að nota spjaldtölvur er góð, ekki síst við að bjóða upp á einstaklingsmiðað nám. Stefnt er að því að spjaldtölvur verði teknar til notkunar í öðrum skólum bæjarins á komandi misserum og árum,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir formaður fræðsluráðs í Hafnarfirði.*

Á næstu vikum munu um 300 nemendur á frá 5. – 10. bekk skólans fá tæki til notkunar. Með þessu vill skólinn vera leiðandi í að nýta nýjustu upplýsingatæknina í námi og kennslu.

Leifur S. Garðarsson skólastjóri Áslandsskóla segir kennara hafa fengið námskeið frá utanaðkomandi fagaðilum í skólann svo og hafa verið nokkur námskeið þar sem verkefnastjóri innleiðingarinnar og kennarar kenna og miðla af reynslu sinni. *„Við höfum heimsótt aðra skóla sem hafa tekið Ipad upp við kennslu, sótt fræðslu erlendis ásamt því að Áslandsskóli er í góðu samstarfi við aðra skóla og sveitarfélög sem eru í svipuðum hugleiðingum. Þetta er frumkvöðlastarf, mikill hraði og neysla okkar á upplýsingum er mikil og auðvelt að nálgast upplýsingar. Allt þetta kallar á breytta kennsluhætti, eilítið annan hugsunarhátt sem við í Áslandsskóla erum tilbúin að takast á við. Góður undirbúningur og markviss uppbygging er lykilatriði og allir hér átta sig á að þetta er ferli sem tekur tíma. Við ætlum að taka þátt í framtíðinni og víst má telja að einhver hluti grunnskólabarna í dag á eftir að vinna störf sem í dag eru kannski ekki til,“ segir Leifur.*

Afhending spjaldtölvanna í Áslandsskóla í morgun er fyrsta skrefið í átt að aukinni notkun spjaldtölva í grunnskólum Hafnarfjarðarbæjar og á næstu misserum munu aðrir skólar fylgja í kjölfarið.



Spenntir nemendur í 5. bekk Áslandsskóla með nýju námstækini.

## Lestur er lífsins leikur

Nú er í gangi þjóðaráttak í læsi og skrifuðu hafnafirsk skólayfirvöld undir þjóðarsáttmála um læsi við hátíðlega athöfn nú á dögnum.

Hafnarfjarðarbær hefur sett á laggirnar verkefnið „Lestur er lífsins leikur“. Tilgangur verkefnisins er að efla læsi nemenda okkar svo þeir geti lesið sér til gagns og ánægju við lok grunnskólanáms. Við í Áslandsskóla erum virkir þátttakendur í þessu verkefni og ætlum að efla þennan þátt skólustarfsins á næstu misserum.

Að vinna með lestur er ferli sem þarf að vera í sífelldri endurskoðun og kennslan þarf þess vegna að taka mið af því sem reynist farsælast hverju sinni. Skólinn fylgir þeim lestrarviðmiðum sem sett hafa verið hér í Hafnarfirði. Til að öðlast góðan skilning á texta er ekki nægilegt að lesa mikið. Það þarf einnig að beita markvissum lesskilningsaðferðum. Góður lesskilningur þróast yfirleitt ekki af sjálfu sér. Því er mikilvægt að byrja að kenna fjölbreyttar lesskilningsaðferðir sem efla jafnt;



orðaforða, málskilning, ályktunarhæfni, nýtingu bakgrunnsþekkingar, námsvitund og aðrar þær aðferðir sem efla lesskilning frá upphafi grunnskóla. Því er mikilvægt að hlusta ekki eingöngu á barnið sitt lesa heldur er einnig mikilvægt að ræða við það að loknum lestri um hvað textinn hafi verið.

Lestrarhæfni er samfélagslegt verkefni og þurfum við því öll að taka höndum saman.

Samstarf við foreldra er afar mikilvægt og í raun forsendan fyrir því að markmiðin náist. Hlutverk ykkar sem foreldrar er að hvetja börnin til lesturs og sjá til þess að þau lesi daglega heima, hvort sem það er í skólabókum og/eða í bókum eða blöðum sem þau hafa valið sér. Mikilvægt er að hafa í huga að heimalestur er ekki eingöngu fyrir yngstu börnin, öll börn þurfa að lesa heima.

Við fullorðna fólkið, erum fyrirmyndir og því gott ef við sýnum það í verki með því að lesa með börnunum eða fyrir þau.

Gerum þetta saman, stefnum hátt og þá verðum við í fremstu röð.

Læsisverkefnið verður kynnt nánar á samtalsdegi 8. október